



Reykjavík, 08.11.2019

Borgarbyggð
Borgarbraut 14
Borgarnesi 310

Efni: Tilkynning um breytingu skilmálum taxta S1 og S12

Þann 1. janúar 2020 munu skilmálar taxta vegna snjóbræðslu S1 og S12 breytast og verða þannig. **Breytingin er feitletruð.** Í stað þess að notendur fái merki frá Veitum þegar hitastig fer undir -5°C þurfa notendur nú sjálfir að fylgjast með hitastigi hjá Veðurstofu Íslands.

S1

Mæling á heitu vatni fer fram á afhendingarstað með mælitækjum (tímamæling), sem Veitur leggja til. Skilyrði að GSM-samband til fjarmælingar sé til staðar á afhendingarstað. Sækja þarf skriflega um taxtann á þar til gerðum umsóknarblöðum sem Veitur leggja til. **Notandi ber sjálfur ábyrgð á að fylgjast með hitastigi en miðað er við opinberan mæli Veðurstofu Íslands.**

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt af heitu vatni, 2% af smásöluverði. Heimilt er að miða innheimtu skatts af heitu vatni við áætlaða sölu.

S12

Mæling á heitu vatni fer fram á afhendingarstað með mælitækjum (tímamæling), sem Veitur leggja til. Skilyrði að GSM-samband til fjarmælingar sé til staðar á afhendingarstað. Taxtinn miðast við að tvöfalt dreifikerfi sé til staðar hjá kaupanda. Daggjaldið er á hvern m^2 snjóbræðslufatar.

Sækja þarf skriflega um taxtann á þar til gerðum umsóknarblöðum sem Veitur leggja til. **Notandi ber sjálfur ábyrgð á að fylgjast með hitastigi en miðað er við opinberan mæli Veðurstofu Íslands.**

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt af heitu vatni, 2% af smásöluverði. Heimilt er að miða innheimtu skatts af heitu vatni við áætlaða sölu.

Hafir þú spurningar eða athugasemdir varðandi þessar breytingar á gjaldskrá er þér velkomið að hafa samband við okkur með fyrirspurn í gegnum vefinn okkar, www.veitur.is eða í síma 516 6000.

Virðingarfyllst,
Veitur ohf.